

Aðalfundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju 6. mars 2023 kl. 20:00.

Björg Blöndal formaður veiktist og gat ekki mætt á fundinn. Oddný Vala Kjartansdóttir varaformaður setti fundinn og stjórnaði honum. Bað hún konur að rísa úr sætum og minnst látinna félagskvenna sem voru 12 frá 2020.

Næst á dagskrá. Konur kallaðar upp sem voru að hætta í stjórninni og þeim þökkuað störf fyrir félagið. Þær fengu blómaskreytingu og klapp fyrir vel unnin störf fyrir félagið.

Þessar konur eru Björg Blöndal, Guðný Þorvaldsdóttir, Guðný Sölvadóttir og Pálína Karlsdóttir.

Næst á dagskrá, stjórnarkjör.

Áfram í stjórn eru: Oddný Vala Kjartansdóttir, Margrét Fríða Unnarsdóttir og Herdís Pétursdóttir.

Fjórar ungar konur gáfu kost á sér í stjórnina með þeim. Nýja stjórnin verður skipuð svona:

Oddný Vala Kjartansdóttir tekur við formennsku,
Margrét Fríða Unnarsdóttir, varaformaður,
Halla Kjartansdóttir, ritari,
Kristín Ásbjörnsdóttir, gjaldkeri,
Aðalheiður Bjarney Pálsdóttir, meðstjórnandi,
Kristín Hjartardóttir, meðstjórnandi og
Herdís Pétursdóttir, meðstjórnandi.

Vel klappað fyrir þessum ungu konum.

Grillvagninn var með flottan mat eins og alltaf. Var þeim vel fagnað. Kaffi og konfekt á eftir.

40 konur mættu á fundinn.

Guðný Þorvaldsdóttir, ritari.